

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að hámarkshraði á Gullinbrú milli Höfðabakkabrúar og Hallsvegur verði 60 km/klst.

Ákvörðun þessi tekur gildi 15. febrúar 2001.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 7. febrúar 2001.

Böðvar Bragason.

2. febrúar 2001

Nr. 123

AUGLÝSING

um daggjöld sjúkrastofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum.

1. gr.

Daggjöld.

Samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar samanber og lög um málefni aldraðra hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveðið að daggjöld skuli vera sem hér segir frá 1. janúar 2001.

A. Hjúkrunarheimili

Viðf.	Hjúkrunarheimili	Rekstrardaggjald kr.
1.11	Seljahlíð, Reykjavík	10.468
1.15	Dalbær, Dalvík	9.329
1.19	Hjallatún, Vík	9.200
1.21	Höfði, Akranesi	9.914
1.23	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	9.136
1.25	Barmahlíð, Reykhólum	9.457
1.27	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	9.243
1.29	Fellaskjól, Grundarfirði	9.179
1.33	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	9.179
1.35	Jaðar, Ólafsvík	9.179
1.37	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	9.332
1.41	Hrafnista, Reykjavík	9.504
1.43	Hrafnista, Hafnarfirði	9.924
1.45	Grund, Reykjavík	9.482
1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	9.343
1.49	Kumbaravogur, Stokkseyri	9.786
1.81	Holtsbúð, Garðabæ	9.829
1.83	Uppsalar, Fáskrúðsfirði	9.752

Sjúkrahúsum og sjúkraskýlum, sem hafa lægra heildardaggjald en kr. 22.237 er heimilt að taka kr. 22.237 í daggjald fyrir sængurkonur.

Daggjöld falla ekki niður hjá stofnunum vegna krónískra nýrnasjúklinga þegar þeir vegna

blóðskilunar eru innritaðir á Landspítala háskólasjúkrahús. Landspítala háskólasjúkrahúsi ber að greiða kostnað vegna lyfjagjafar eins og fyrir aðra blóðskilunarsjúklinga sem skráðir eru inn á sjúkrahúsið.

Greiða ber 703 kr. á dag til viðbótar daggjaldataxta stofnunar fyrir hvern nýrnasjúkling sem dvelst á daggjaldastofnun og þarf að fara í blóðskilun á Landspítala.

B. Daggjöld á öðrum sjúkrahúsum samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

Viðf.	Önnur sjúkrahús	Rekstrardaggjald kr.
1.47	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði geðrými	6.275
1.51	Fellsendi, Búðardal	6.500
1.55	D.a.h. Vesturhlíð, Reykjavík	6.331
1.57	Gistiheimili RKÍ, Reykjavík	4.407
1.63	Hlíðabær, Reykjavík	6.016
1.65	Lindargata, Reykjavík	6.016
1.67	MS-félag Íslands, Reykjavík	5.700
1.69	Múlabær, Reykjavík	3.800
1.85	Fríðuhús, Reykjavík	5.322

2. gr.

Dvalarheimilisgjöld og gjöld fyrir dagvistun.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og 3. gr. reglugerðar um dagvist aldraðra nr. 45/1990 hefur heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveðið eftirfarandi gjöld:

	kr.
1. Vistgjald á dvalarheimili fyrir aldraða	4.030
2. Gjald á dagvistun fyrir aldraða	2.808
Innifalið í dagvistunargjaldinu er flutningskostnaður vistmanna ef með þarf. Samkvæmt 19. gr. laga um málefni aldraðra, greiða vistmenn sjálfir kr. 500 á dag af dagvistunargjaldinu.	

Innifalið í daggjöldum skv. auglýsingu þessari er hvers konar þjónusta, sem innlögðum vistmönnum er látin í té á sjúkrastofnunum.

3. gr.

Gildistaka.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. febrúar 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.